

Unglist

Lokasprettur


Peir taki til fótanna sem ætla sér að skyggjast um hjá því lista-fólki sem örugglega erfir landið: Listahátíð unga fólksins á Kjarvalsstöðum lýkur nú á sunnudagskvöldið.

Málverk, teikningar, skúlptúr-ar, lágmyndir, vefnaður, glermyndir og ljósmyndir eru þar til sýnis, og nú um helgina verður að auki þetta til skemmtunar: Á sunnudagskvöld sýna nemendur í Æfingaskóla KHÍ leikritið **Partí** eftir Odd Björnsson (kl. 20.30), í dag klukkan 3 sýnir Helena Jónsdóttir diskódans þann sem hún hefur hlotið fyrir Íslandsmeistar- atign og Máni Svavars (Gests) leikur „framsækna rafmagnstón-

list“. Á sunnudag klukkan þrjú koma dansarar frá Listdanskóla Þjóðleikhússins og strengja- kvartett úr Tónlistarskólanum í Reykjavík leikur.

Innst í gangi eru í gangi mynd- bönd gerð af ungu fólki, þar á meðal nokkur um umferðarmál, og eitt um bráðar ógnir í Kópavoginum þegar óvættur nokkur ryðst inní hús og tekur til hend- inni við að fækka unglíngum í bæjarfélaginu; að lokum er kaldrifjud lögregla kölluð á stað- inn og ræður niðurlögum skepn- unnar að íbúunum öllum; bráð- skemmtilegur hryllingur búinn til í Agnarögn.

- m



Úr **Partí** Odds Björnssonar, leikið af nemendum Æfingaskóla KHÍ. Mynd: E.Ól.

Leikritasamkeppni

Þrjár Kristínar

Í tilefni af lokum kvennaára- tugar efndi Þjóðleikhúsið til leikritasamkeppni meðal kvenna og hlaut Kristín Ómarsdóttir, bú- sett í Kaupmannahöfn, 1. verð- laun fyrir einþáttunginn „*Draumur á hvolfi*“. 2. og 3. verðlaun hlutu þær Elisabet Kristín Jökulsdóttir og Kristín Bjarnadóttir, 25 þúsund kr. hvor.

Þessir þrjár höfundar eiga það sameiginlegt, auk þess að heita allar Kristín, að hafa dvalist langdvölum erlendis, en Kristín Bjarnadóttir býr í Gautaborg og hinar tvær hafa verið búsettar í Kaupmannahöfn. Alls bárust 11 einþáttungar í þessa samkeppni, en dómnefnd skipuðu þau Gísli Alfreðsson þjóðleikhússtjóri, Steinunn Jóhannesdóttir leik- kona og Brynja Benediktsdóttir leikstjóri. Ekki er ákveðið hvort verk þessi verða færð upp.

Borgarbragur

Gunnar fær gull

Í tilefni af 6000 eintaka sölu plötunnar um Borgarbrag ætlar útgefandi Gunnars Þórðarsonar, Fálkinn, að heiðra hann með gullplötu sem verður afhent ann- að kvöld í Broadway.

Þar kemur Gunnar fram með 13 manna hljómsveit sem flytur dagskrána „Söngbók Gunnars Þórðarsonar“, flest kunnustu lög Gunnars ný og gömul.

Þá ætlar Fálkinn að heiðra Ólaf Hauk Símonarson með gullplötu fyrir texta sína á plötunni, og Da- víð Oddsson fær líka gullplötu fyrir ljóð sitt um bárujárnshúsin við Bergþorugötuna.

Akranes

Kristinn syngur

Kristinn Sigmundsson barit- ónsöngvari og Jónas Ingimundar- son pianóleikari halda tónleika í Safnaðarheimilinu á Skaga sunnudag kl. 15.30.

Sungin verðir verk eftir Caris- simi, Gluck, Scarlatti, Schubert, Tosti, Sigvalda Kaldalóns og fleiri.

ERTU MED HUGMYND?




Sjónvarpsstöðvar á Norðurlöndum hafa hver um sig ákveðið að láta gera stutta leikna kvikmynd fyrir börn tólf ára og yngri. Þessar myndir skulu vera tilbúnar 1. október 1986 og verða kynntar sem samnorrænn myndaflokkur þar sem hver kvikmynd er sjálfstætt verk.

Ríkisútvarp-Sjónvarp óskar því eftir hugmyndum að slíkri barnamynd. Myndin yrði um 15 til 20 mínútur að lengd. Hugmyndum þessum skal skilað skriflega til Sjónvarpsins fyrir 10. febrúar.

Á grundvelli þessara hugmynda yrði látið vinna handrit sem síðan er fyrirhugað að bjóða út.

RÚV

RÍKISÚTVARPIÐ
LAUGAVEGI 176,
105 REYKJAVÍK



Þór Vigfússon hóf í gærkvöldi sýningu á verkum sínum í Nýlistasafninu við Vatnssstíg: litaðar gifstyttnar af fólki. Sýningin er opin virka daga 4-6, helgar 2-8 og lýkur á sunnudag eftir viku. Á mynd E.Ól. er listamaðurinn við eitt verka sinna.

Kvikmyndasjóður

Guðbrandur valinn

Menntamálaráðherra hefur ráðið Guðbrand Gíslason fram- kvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs Íslands. Hann er jafnframt for- stöðumaður Kvikmyndasafnsins.

Aðrir umsækjendur um stöð- una voru Elínborg Stefánsdóttir, Guðbjörg Gústafsdóttir og Gunnar H. Arnason.

Guðbrandur hefur starfað sem blaðamaður og kennari og meðal annars komið við sögu Listahá- tíðar og kvikmyndahluta hennar.

